

Félag eldri borgara á Akureyri/EBAK

Heimasíða – ebak.is

Greinargerð

Samantekt á starfsemi EBAK milli aðalfunda 2016-2017

og reikningar almanaksárið 2016 (sjá fylgiskjal 1)

Ágæti lesandi.

Inngangur

Eftirfarandi samantekt er m.a. tekin úr skýrslu stjórnar og skýrslum nefnda félagsins frá aðalfundi þess 2017 og fundargerð aðalfundarins. Samantektin miðast við starfsemi félagsins tímabilið milli aðalfunda 2016 -2017, en ársreikningurinn er almanaksárið 2016 (sjá fylgiskjal 1).

Akureyrarbær rekur tvær félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara þ.e. í Bugðusíðu 1 og Víðilundi 22. Í félagsmiðstöðvunum fer fram fjölþætt tómtunda- og félagsstarf á vegum bæjarins og önnur þjónusta fyrir 60 ára og eldri.

Í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu 1 er skrifstofa Félags eldri borgara og þar fer fram margþætt félags- og tómtundastarf á vegum félagsins. Fjöldi félagsmanna er nú um 1350 og fer stöðugt vaxandi.

Félag eldri borgara á Akureyri var stofnað 3. október 1982 eða fyrir 35 árum. Á heimasíðu félagsins ebak.is segir m.a. í grein um félagið eftir Jóhannes Sigvaldason fyrrverandi formann þess: „Tilgangur félagsins var eins og fram gengur af fyrstu lögum þess, sá að standa vörð um hag félaganna – eldri borgara í landinu og huga að húsakosti sem hentaði gömlu fólki.

Félagslegur þáttur var, þó merkilegt megi kalla, ekki hluti af tilgangi félagsins í fyrstu lögum þess. Þrátt fyrir það varð sá þáttur þó nokkuð ráðandi snemma, því mjög á fyrstu dögum félagsins var ákveðið að hafa það sem þá var kallað opið hús. Þar gátu félagsmenn komið saman og spjallað og spilað - oftast var boðið upp á skemmtiatriði og svo var kannski dansað. Opið hús var á dagskrá lengi á vegum félagsins.

Stuttu eftir að félagið var stofnað ákváðu verkalýðsfélögin hér í bæ að gefa félaginu hús sitt, Alþýðuhúsið við Lundargötu. Varð sá staður svo heimili félagsins í 23 ár. En árið 2005 var gerður samningur við Akureyrarbæ um að félagið fengi aðstöðu í nýinnréttuðu húsnæði við Bugðusíðu 1 hluta af neðstu hæð í húsi Sjálfsbjargar. Síðan þá hefur félagið verið þar til húsa. Húsið við Lundargötu var selt.“

Þessa sögu er fróðlegt að rifja upp nú á 35 ára afmæli félagsins 2017. Margt hefur breyst á þessum árum en rauði þráðurinn er enn sá sami þ.e. að vinna af metnaði að félags- og tómtundastarfi eldri borgara í bæjarfélaginu og stuðla að bættum hag þessa aldurshóps.

Þann 11. apríl árið 2008 var undirritað nýtt samkomulag (samningur) milli Akureyrarbæjar og Félags eldri borgara um afnot félagsins af húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1. Í samkomulaginu segir m.a.:

„Með samkomulagi þessu vilja Akureyrarbær og Félag eldri borgara á Akureyri taka höndum saman til þess að eldri borgarar eigi kost á eins góðu félags- og tómstundastarfi og þörf er fyrir hverju sinni til að viðhalda andlegri, félagslegri og líkamlegri færni þeirra til að njóta efri áraanna eftir vilja og getu hvers og eins.“

Það er mat stjórnar félagsins að þessir samningar hafi lagt grunn að farsælu og metnaðarfullu starfi félagsins í þágu eldri borgara á Akureyri á umliðnum árum. Þá skal þess getið hér að samstarf félagsins við stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvanna hefur verið með miklum ágætum.

Nýr samningur milli Akureyrarbæjar og félagsins tók gildi 1. janúar 2016 og gildir hann til ársloka 2017. Hann byggir að stærstum hluta á samningnum frá 2008. Nýr samningur er í undirbúningi milli bæjarins og félagsins og er stefnt að því að ljúka samningsgerð fyrir lok þessa árs.

Öldungaráð Akureyrarbæjar var stofnað 9. júlí 2015 (sjá samþykktir) að ósk Félags eldri borgara á Akureyri. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar frá Akureyrarbæ og 3 frá félaginu.

Félag eldri borgara á Akureyri er eitt af aðildarfélögum Landssambands eldri borgara. Landsfundir (LEB) eru haldnir annað hvert ár og formannafundir árið á milli.

Á aðalfundi félagsins þann 26. mars 2017 flutti formaður þess Haukur Halldórsson skýrslu stjórnar starfstímabilið 2016 - 2017. Eftirfarandi samantekt er tekin úr þeirri skýrslu

Úr starfi félagsins milli aðalfunda 2016 -2017

1. Stjórn félagsins var þannig skipuð milli aðalfunda 2016 – 2017.

Formaður Haukur Halldórsson, varaformaður Halldór Gunnarsson, ritari Margrét Pétursdóttir, gjaldkeri Gestur Jónsson, meðstjórnendur Arnheiður Kristinsdóttir, Jón Aðalsteinn Baldvinsson, Dóra Steinunn Jónasdóttir, varamenn Kolbrún Kristjánsdóttir, Hallgrímur Gíslason og Aldís Björnsdóttir.

2. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar félagsins 4. apríl 2016 var samþykkt að skipa fjögurra manna framkvæmdaráð innan stjórnar sem í sitja, formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri.
3. Tólf bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu, en auk þess hittist framkvæmdaráðið milli stjórnarfunda stundum tvisvar í mánuði til undirbúnings stjórnarfunda sem og annarra verkefna. Til viðbótar sat hluti stjórnar ýmsa aðra fundi.
4. Skrifstofa félagsins í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu 1 hefur verið opin á miðvikudögum kl. 14:00 – 16:00, en þá eru stjórnarmenn til viðtals fyrir félagsmenn og aðra eldri borgara á Akureyri.
5. Á vegum félagsins starfa eftirtaldar nefndir og hópar:
Skemmtinefnd, ferðanefnd, fræðslunefnd, kaffinefnd, spilanevndir (félagsvist og keppnisbridds), göngunefnd, golfnefnd, gönguklúbbur og umsjónarmenn netmiðla.

Einnig er starfandi á vegum félagsins uppstillinganefnd. Starfslýsingar hafa verið gerðar fyrir flesta þessara hópa.

6. Í janúar 2014 stofnaði félagið heimasíðu og á árinu 2017 var stofnaður facebook-hópur. Þessir netmiðlar hafa verið uppfærðir og snjalltækjavæddir og gera starf félagsins auðveldara og árangursríkara. Stöðug aukning er á notkun þessara miðla af stjórn og nefndum félagsins og einnig meðal félagsmanna og annarra eldri borgara á Akureyri.
7. Stjórn félagsins hlutaðist til um að stofna Bugðusíðunefndina sem tók til starfa vorið 2016 Nefndin tók að sér að hafa umsjón með og bera ábyrgð á sumaropnun í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu í júní, ágúst og ½ september sumarið 2016 sem tókst með ágætum.
8. Starfsemi félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi heyrir undir samfélagssvið Akureyrarbæjar. Forstöðumaður tómsundamála í félagsmiðstöðvunum er Bergljót Jónasdóttir. Félagið hefur átt mjög gott samstarf við Bergljótu og starfsfólkið í Bugðusíðu og Víðilundi á umliðnum árum. Framkvæmdaráð stjórnar situr fundi með Bergljótu eftir því sem þurfa þykir varðandi ýmis mál er varða starfsemina í Bugðusíðu 1 og fleira.
9. Ýmsir fundir. Fulltrúar stjórnar sátu fund Akureyrarbæjar um almenningssamgöngur í bænum. Í framhaldi af þeim fundi átti stjórnin fund með forráðamönnum strætisvagna Akureyrar um hvernig hægt væri að skipuleggja strætisvagnaferðir þannig að þær nýttust eldri borgurum sem best sem og öðrum bæjarbúum. Þá sat hluti stjórnar fund á vegum velferðarráðs um velferðarstefnu í málefnum eldri borgara. Akureyrarbær hefur nú sett upp starfshóp um næringu aldraðra og er Margrét Pétursdóttir ritari félagsins fulltrúi þess í hópnum. Formaður félagsins sat formannafund Landssambands eldri borgara (LEB).
10. Árlega heldur stjórn félagsins haustfund með formönnum/talsmönnum nefnda og fleiri aðilum þar sem starfsemi félagsins og félagsstarfið er til umfjöllunar. Í framhaldi þess fundar fór m.a. fram kynning á boccia, krullu og billjard og síðar var boðið upp á æfingatíma í þessum greinum. Einnig var boðið upp á námskeið í bridds sem fræðslunefnd félagsins skipulagði.
11. Málþing. Þriðja málþing félagsins í samstarfi við Háskólann á Akureyri á síðustu sex árum var haldið 19. maí 2017 í HA undir titlinum „Segðu já við lífið.“ Fjölmörg áhugaverð erindi voru flutt á þinginu sem fjölluðu um aldurshópinn 60+. Málþingið tókst afar vel og sóttu það á þriðja hundrað gestir. Kór aldraðra, Í fínu formi, söng við opnunina og félagar undir stjórn Sögu Jónsdóttur voru með létt efni á milli dagskrárliða. Formaður LEB Haukur Ingibergsson ávarpaði málþingið.
12. Net- og símatengingar voru endurbættar á skrifstofu félagsins í Bugðusíðu 1. Í salinn var keyptur nýr skjávarpi, tölva, tveir hljóðnemar og breytingar gerðar á hátalarakerfinu.

13. Úrdráttur úr skýrslum nefnda félagsins milli aðalfunda 2016-2017

- a) **Fræðslunefndina** skipa Hólmfríður Guðmundsdóttir formaður, Grétar G. Ingvarsson ritari, Stefán Vilhjálmsson gjaldkeri, Valgerður Jónsdóttir og Guðbjörg Bjarman.

Helstu verkefni nefndarinnar voru þessi:

Í mars var námskeið í tölvulæsi í MA sem nemendur skólans sáu um. Í apríl fræddi sr. Bolli Pétur Bollason um skáldin í Laufási. Í maí var ráðstefna á vegum HA og Félags eldri borgara sem bar heitið „Segðu já við lífið.“ Hún heppnaðist vel og voru gestir á þriðja hundrað. Í september var ferð á skáldaslóðir. Farið var að Bægisá, Hrauni í Öxnadal, Möðruvöllum og að Hlöðum. Leiðsögumenn voru Gunnar Frímannsson, Bjarni E. Guðleifsson og Valdimar Gunnarsson. Þátttakendur voru um 30. Í október var námskeið í framsögn undir leiðsögn Sögu Jónsdóttur. Fjölbreytt dagskrá var undirbúin og fyrir jólin voru hjúkrunarheimilin á Akureyri heimsótt.

Í nóvember var námskeið í tölvulæsi í samstarfi við nemendur í MA. Einnig ákvað fræðslunefnd að fræðast um byggðakjarna við Eyjafjörð og fara síðan að vori í siglingu með Húna og skoða þessa staði frá sjó. Þorsteinn Pétursson flutti fyrsta erindið um síldarsöltunarstaði við Eyjafjörð.

Í desember komu norðlenskir höfundar og lásu úr nýútgefnum bókum sínum, en þeir voru Jón Hjaltason, Davíð Hjálmar Haraldsson, Magnús Stefánsson og Ragnar Jónasson.

Í janúar 2017 var lestur úr bókum eftir fleiri norðlenska höfunda, þau Kristínu Aðalsteinsdóttur, Brynjar Óttarsson og Bjarna E. Guðleifsson. Í febrúar var Haraldur Þ Egilsson með fróðlegan fyrirlestur um byggð og starfsemi í Gásakaupstað fyrr á tíð. Þá stóð nefndin fyrir briddsnámskeiði. Aðalleiðbeinandi á námskeiðinu var Stefán Vilhjálmsson en honum til aðstoðar var Jóhannes Sigvaldason og fleiri. Námskeiðið sóttu 12 eldri borgarar. Mæting á fræðslufundi hefur verið allt frá 30 og upp í 90 manns.

- b) **Ferðanefndina** skipa Hulda Eggertsdóttir formaður, Hákon Hákonarson varaformaður, Karl Jörundsson ritari, Ásgerður Snorradóttir gjaldkeri, meðstjórnendur eru Karl Steingrímsson, Kolbrún Kristjánsdóttir og Rafn Sveinsson. Nefndin hélt 19 bókaða fundi hér á landi auk 3ja funda, sem haldnir voru á Canarí. Fyrsta verkefni tímabilsins var leikhúsferð í Freyvangisleikhúsið á Saumastofuna en farið var í tveimur rútum.

Ferð til Costa Brava var farin 16.-29. apríl. Farið var í ferð til Stykkishólms 22.-25. maí og gist á Hótel Stykkishólmi í 3 nætur.

Þann 12. júlí var farin dagsferð til Húsavíkur og mannvirkin á Þeystareykjum og Bakka skoðuð. Komið var við í Rauðuskriðu á heimleið og notið veitinga þar.

Þriggja daga ferð var farin á Strandir 16.-18. ágúst og gist á Hótel Laugarhóli og þaðan ekið til Djúpuvíkur og Norðurfjarðar.

Haustferðin frá Akureyri var til Benidorm á Spáni 18. sept. til 9. okt. og gist á Hótel Melía. Þetta var ein fjölmennasta ferð sem nefndin hefur skipulagt eða hátt í 200 manns. Með í för var Þóra Ákadóttir hjúkunarfræðingur. Fararstjórar voru Anna Lea og Brói.

Í samvinnu við skemmtinefnd félagsins sá nefndin um ferð í Mývatnssveit þann 1.-2. desember á jólahlaðborð í Hótel Seli.

Sú nýbreytni var tekin upp í vetur að fara í utanlandsferð að vetrarlagi og var hún farin 24. febrúar til 17. mars. Þátttakendur í ferðinni voru 34 og var farið til Gran Canarí og dvalið á Hótel Barcelo Margaritas á Ensku ströndinni.

Erfitt er að verðleggja innanlandsferðirnar. Stundum þarf að endurgreiða fargjöld vegna forfalla á síðustu stundu og hljóta allir að sjá að slíkt getur eyðilagt annars

ágæta fjárhagsáætlun. Flestar ferðir standa þó undir sér fjárhagslega. Þátttaka í innanlandsferðum ræðst oftast af stærð gistirýmis á hverjum stað u.þ.b. 40-50 rúm. Allir samningar við hótél og jafnvel matsölustaði eru orðnir mikið erfiðari eftir að ferðamönnum fjölgaði svo mjög.

- c) **Skemmtinefndina** skipa formaður Birgir Sveinbjörnsson, varaformaður Björg Dagbjartsdóttir, gjaldkeri Páll Gíslason, ritari Erna Tuliníus og meðstjórnendur Ásta Axelsdóttir, Svava Karlsdóttir, Sveinn Sigurbjörnsson, Filippía Sigurjónsdóttir og Pétur Sigurðsson.

Verkefni nefndarinnar voru þessi: 6 kráarkvöld, vikuleg umsjón með bingóspili (23), árshátíð, jólahlaðborð og vorfagnaður.

Á starfsárinu tók skemmtinefndin að sér umsjón með bingói sem spilað er vikulega á þriðjudögum í salnum í Bugðusíðu. Nefndarfólk stjórnar bingóinu til skiptis en starfsfólk bæjarins býður upp á kaffi og meðlæti á eftir.

Vorgleðin sem haldin er í samstarfi við kaffinefnd félagsins er ávallt mjög vel sótt. Þá er sumri fagnað, boðið upp á kræsingar af hlaðborði, söng, gamanmál og dans.

Árshátíðin er haldin að haustinu (nóv.) Boðið er upp á hátíðarkvöldverð, skemmtiatriði og dans. Um 80 manns sóttu skemmtunina.

Um 90 manns tóku þátt í ferð í Mývatnssveit í byrjun desember. Hótél Sel bauð upp á jólahlaðborð og gistingu. Ferðanefndin sá um skipulagningu ferðarinnar en skemmtinefndin sá um veislustjórn og hluta skemmtiatriða.

Nefndin hélt 8 bókaða fundi á starfsárinu. Góð aðsókn hefur verið á viðburði nefndarinnar og reksturinn stendur undir sér.

- d) **Spilanefndina (í keppnisbridds)** skipa þeir Jóhannes Sigvaldason og Karl Jörundsson. Spilað var vikulega á fimmtudögum í Bugðusíðu 1 tvímennings- eða sveitakeppni á 6-9 borðum (24-36 manns). Í hléi er boðið upp á kaffi og meðlæti sem starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar selur spilamönnum. Úrslit í keppni eftir hvern spiladag eru reiknuð út og niðurstöður birtar á næsta spiladegi í salnum í Bugðusíðu. Á síðasta spiladegi að vori er hátíðlegra kaffi og verðlaun veitt fyrir ýmis afrek við spilaborðin. Keppnisbridds hefur verið spilað hjá Félagi eldri borgara á Akureyri síðan 2007.
- e) **Spilanefndina í (félagsvist)** skipa Gunnar Jóhannsson formaður, Helena Gunnarsdóttir, Ásta Þorsteinsdóttir, Magnús Kristjánsson og Ragna Aðalsteinsdóttir. Spilað var tvisvar í mánuði á fimmtudagskvöldum frá kl. 20–23 á 15–20 borðum. Alls urðu spilakvöldin 27 á starfstímanum og spilagestir um 1600. Kaffi og meðlæti var í boði í hléi sem er innifalið í aðgangseyri. Þá eru veitt verðlaun í lok hvers kvölds til þeirra sem efstir standa.
- f) **Göngunefndina** skipa formaður Soffía Jónsdóttir, varaformaður Júlíana Tryggvadóttir, gjaldkeri Jakob Jóhannesson, ritari Unnur Þorsteinsdóttir og meðstjórnandi Gylfi Guðmarsson. Göngunefndin hélt 7 bókaða fundi á starfsárinu. Nefndin sá um tólf gönguferðir um Kjarnaskóg á þriðjudagsmorgnum í júní, júlí og ágúst. Farið var með rútu í skóginn sem félagið greiddi fyrir. Mætingin var að meðaltali 36 í ferð eða samanlagt 432 göngumenn. Í eina ferðina kom Pálmi Stefánsson með harmoniku og spilaði um stund á pallinum í Kjarnaskógi. Í óvissuferð nefndarinnar fóru 59 manns. Ekið var á Blönduós. Í Eyvindarstofu fékk hópurinn sér súpu og brauð. Hluti hópsins

skoðaði Heimilisiðnaðarsafnið á meðan aðrir fóru í gönguferð. Þá var ekið yfir Þverárfjall, út Reykjaströnd og Grettislaug skoðuð. Næsti viðkomustaður var Ljósheimar, en þar beið hópsins kaffihlaðborð. Þar mætti Geirmundur Valtýsson með harmonikuna og spilaði og söng með fólkinu. Þessi ferð var alfarið greidd af þátttakendum kr.7.500 á mann.

- g) **Umsjónarmenn heimasíðu** eru Hallgrímur Gíslason talsmaður, Halldór Gunnarsson ritari og Anna G. Thorarensen aðstoðarmaður.

Haldnir voru fjórir bókaðir fundir, auk tveggja funda með þjónustustjóra Stefnu ehf. Einnig hafa mikil samskipti farið fram í gegnum tölvupóst, síma og samtöl.

Hlutverk umsjónarmanna er að afla efnis úr starfi félagsins og viðhalda virkri heimasíðu eftir því sem aðstæður leyfa.

Haustið 2016 var heimasíðan uppfærð eins og ástæða þótti til. Í framhaldi af því var sett upp nýjasta útgáfa af forritinu og jafnframt var síðunni breytt þannig að hún er aðgengilegri en áður fyrir þá sem nota snjallsíma og spjaldtölvur. Í framhaldi af þessum breytingum var stofnaður hópur á Facebook, sem nefnist, *EBAK Félag eldri borgara á Akureyri*

Tilgangur hópsins er í stuttu máli að auka upplýsingastreymið frá félaginu. Inn á hópsíðuna eru settar upplýsingar um alla viðburði o.fl. Umsjónarmenn setja inn beinar auglýsingar, en nefndaformenn og aðrir setja inn aðrar upplýsingar.

Umsjónarmenn heimasíðu og facebook hóps félagsins starfa samkvæmt starfslýsingu líkt og nefndir félagsins gera.

Notkun þessara miðla fer hratt vaxandi sem er félagsstarfinu og allri upplýsingamiðlun á vegum félagsins afar mikilvæg. Umsjónarmenn þurfa því að vera í virku og góðu samstarfi við stjórn, nefndaformenn og aðra sem koma að starfsemi félagsins á einn eða annan hátt.

Von umsjónarmanna er að bæði heimasíðan og Facebook hópurinn komi að sem mestu gagni fyrir félagsmenn og aðra eldri borgara.

- h) **Golfnefnd.** Golfiðkun (pútt) hófst hjá félaginu haustið 2015 eftir að samkomulag var gert við Golfklúbb Akureyrar um afnot af golfaðstöðuinni í Íþróttahöllinni. Samkomulagið var gert að ósk stjórnar EBAK með milligöngu Akureyrarbæjar. Stjórn félagsins tilnefndi Sigurð Hermannsson og Karl Steingrímsson til að annast umsjón þessa verkefnis fyrsta árið.

Haustið 2015 og fram á vor 2016 stunduðu um 40 eldri borgarar pútt í Íþróttahöllinni í þremur hópum einu sinni í viku. Sturla Höskuldsson golfkennari kom í æfingatíma og sýndi fólki aðalatriðin varðandi pútt auk þess sem þeir sem reynslu höfðu miðluðu til hinna. Um vorið 2016 var svo haldin keppni og spilað til verðlauna bæði hjá konum og körlum.

Sumarið 2016 var boðið upp á að púttu á æfingasvæði GA á Jaðarsvelli tvisvar í viku.

Stjórn EBAK skipaði haustið 2016 eftirtalda fulltrúa í golfnefnd: Sigurð Hermannsson, Dóru S Jónasdóttur og Hlyn Jónasson.

Um haustið auglýsti nefndin púttæfingar í Íþróttahöllinni og skráðu sig 39 eldri borgarar. Hópnum var skip niður í þrjá hópa eins og áður og fékk hver hópur einn æfingatíma á viku.

Í desember var spilað til verðlauna í tveimur hópum og veitt verðlaun til þriggja efstu hjá konum og körlum í báðum hópum. Samtals hafa um 60 manns tekið þátt í pútti á vegum nefndarinnar. Hver iðkandi greiðir kr. 1000.00 á mánuði. Innifalið í þessari upphæð er golfkennsla (nokkur skipti), kaup á verðlaunum o.fl.

Nefndin vinnur að því að félagið fái æfingatíma á komandi sumri á Jaðarsvelli fyrir eldri borgara, til að þúttá og spila golf á tilteknum tíma á tilteknum svæðum vallarins, þeim að kostnaðarlausu

Innheimt þátttökugjöld veturinn 2016 til dagsins í dag eru kr. 98.000. Þar af í sjóði 8 þúsund og 90 þúsund lögð inn á bók í Landsbanka. Inn á þeirri bók eru kr. 204.808. Uppgjör á rekstri nefndarinnar á starfstímanum er á lokastigi.

- i) **Bugðusíðunefndina** skipa Hulda Eggertsdóttir formaður, Svavar Páll Laxdal ritari, Ólöf Pálsdóttir, Kristín Haraldsdóttir og Björg Finnbogadóttir meðstjórnendur. Þessi nefnd er ný og starfsemin á tilraunastigi tilkomin vegna óhóflega langs lokunartíma í Bugðusíðu eða 3 ½ mánuður yfir sumarið. Á vordögum var ákveðið í samráði við stjórn félagsins að halda opinni starfsemi að hluta til í júní, loka í 4 vikur í júlí, og halda síðan áfram starfi í ágúst og fram í miðjan september. Ákveðið var að hafa dagskrána þannig: Mánudagar, opnað kl. 09 - Pálínukaffi 10:30 – 11:30. Miðvikudagar, spilað kl. 13 – 16 selt kaffi og kleinur. Föstudagar, opið kl. 09-12 kaffi og spjall. Alla dagana voru blöð og tímarit til aflestrar. Þessi starfsemi gekk mjög vel og voru tæplega 1.000 manns skráðir á síður gestabókar eftir sumarið. Sýnir það best þörfina á einhverri starfsemi yfir sumarið. Allt starf nefndarinnar var unnið í sjálfböðavinnu og þurfti hún einnig að vera fjárhagslega sjálfbær. Þetta gekk það vel með ánægðum þátttakendum, að síðasta Pálínukaffið varð að veislu með snittum, konfektum o.fl.
- j) **Notendaráð** félagsmiðstöðvanna er skipað fimm aðalmönnum sem eru: Bára Ólafsdóttir, Kolbrún Geirsdóttir, Lárus Reynir Halldórsson, Páll Magnússon og Unnur Þorsteinsdóttir. Varamenn eru Sigurveig Einarisdóttir og Árni Bergmann. Fulltrúar EBAK eru Hulda Eggertsdóttir, Jón Aðalsteinn Baldvinsson og til vara er Dóra Steinunn Jónasdóttir. Ráðið fundar annan föstudag í hverjum mánuði kl. 11:00 til skiptis í Bugðusíðu og Víðilundi. Notendaráðið er hugsað sem tengiliður milli starfsfólks og notenda félagsmiðstöðvanna í Víðilundi og Bugðusíðu og hefur samstarfið gengið mjög vel. Notendaráði er ætlað að vera ráðgefandi fyrir yfirmenn félagsstarfsins og koma á framfæri hugmyndum og tillögum notenda, ásamt því að fylgjast með þróun starfsins í félagsmiðstöðvunum og hefur verið reynt eftir fremsta megni að uppfylla það. Búin voru til hugmyndabox sem fólk var beðið um að setja í óskir sínar um ný verkefni og virkaði það ágætlega. Tillit var tekið til þessara óska þegar nýtt ár var skipulagt og eftir áramót bættust því nokkrir liðir á verkefnaskrána, sem var vel tekið hjá notendum. Engar kvartanir hafa borist ráðinu frá notendum, öllu fremur ánægjuraddir. Ráðið er í góðum tengslum við yfirmenn félagsstarfsins og allt upp til bæjarstjóra.
- k) **Öldungaráð** Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri haldinn 24. mars 2014 ályktaði um að óska eftir því við bæjarstjórn Akureyrarbæjar að öldungaráð yrði stofnað í bæjarfélaginu. Hvatning um stofnun öldungaráða í sveitarfélögum vítt og breytt um landið kom frá Landssambandi eldri borgara en félagið er aðili að Landssambandinu (LEB). Tilgangur og markmið með stofnun öldungaráðs á Akureyri má lesa í samþykktum fyrir ráðið sem samþykktar voru á stofndegri þess þann 9. júlí 2015 (sjá samþykktir fyrir öldungaráð).

Fulltrúar félagsins í öldungaráði eru Sigurður Hermannson varaformaður ráðsins, Anna G Thorarensen, Halldór Gunnarsson og Arnheiður Kristinsdóttir varamaður. Fulltrúar Akureyrarbæjar eru Dagbjört Pálsdóttir, formaður, Gunnar Gíslason og Guðmundur Baldvin Guðmundsson varamaður. Formlegt starf ráðsins hófst af ýmsum ástæðum ekki fyrr en í febrúar 2016. Haldnir voru fjórir formlegir fundir í öldungaráðinu á árinu 2016. Sjá fundargerðir öldungaráðs á árinu 2016 á heimasíðu Akureyrarbæjar.

1) **Kór eldri borgara**, - Í fínu formi.

Stjórn kórsins skipa Baldvin Jóhannes Bjarnason formaður, Sævar Hallgrímsson varaformaður, Sigrún Sæmundsdóttir gjalkeri, Sigríður Guðmundsdóttir ritari og Rósa Gunnarsdóttir meðstjórnandi.

Æfingar kórsins eru tvisvar í viku og standa frá byrjun september til loka maí. Sungið er við ýmis tækifæri t.d. á Hlíð, í Lögmannshlíð og Kristnesi um jól og áramót. Einnig hefur alltaf verið sungið í Akureyrarkirkju á uppstigningardag líklega í ein þrjátíu ár. Vortónleikar kórsins eru hápunktur starfsins ár hvert haldnir í Akureyrarkirkju laugardaginn fyrir páskaviku. S.l. vor fór kórinn til Eistlands og heimsótti þarlandan kór og tókst sú ferð afar vel. Kórstjóri er Petra Björk Pálsdóttir og meðleikari Valmar Völjaots.

Í kórnum eru rúmlega sextíu söngvarar en algengast er að u.þ.b. fimmtíu mæti á hverja æfingu. Þær eru haldnar í félagsmiðstöðinni í Víðilundi 22 í húsnaði bæjarins og þar fer vel um kórinn. Fjárhagsstaða kórsins er þokkaleg en það kostar kr. 1.500 á mánuði að vera meðlimur. Ekkert er greitt á sumrin. Kórinn hefur haldið þrjú bingó á ári til fjáröflunar. Það er mikil vinna að útvega vinninga, stilla upp fyrir bingóið, selja kaffi og vöfflur og lukkupakka. Margir kórfélagar koma að framkvæmdinni og hafa gert lengi. Helstu nýmæli í störfum kórsins eru þau að nokkrir „ungir“ söngvarar hafa bæst í hópinn og hann styrkst umtalsvert.

Reikningar ársins 2016.

Á aðalfundi Félags eldri borgara á Akureyri sem haldinn var 27. mars 2017 fór gjaldkeri félagsins Gestur Jónsson yfir reikninga félagsins fyrir almanaksárið 2016. Reikningarnir voru áritaðir af stjórn og skoðunarmönnum þeirra.

Í áritun skoðunarmanna segir svo: „Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga Félags eldri borgara á Akureyri höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2016. Við höfum gjört þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem við töldum nauðsynlegar svo sem sannreynt innstæður á bankareikningum, verðbréfaeign o.fl.“

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr. 3.693.700 og rekstrargjöld kr. 5.167.387. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði er því kr. 1.473.687. Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru kr. 1.019.992. Tap ársins er því kr. 453.695.

Rekstrartekjur félagsins eru félagsgjöld kr. 3.063.700 og styrkur frá Akureyrarbæ kr. 450.000.

Helstu rekstrargjöld eru þessi: vegna auglýsinga félagsins í fjölmiðlum kr. 832.183, styrkir til (göngunefndar félagsins og kórsins - Í fínu formi - o.fl. kr. 506.000, félagsgjöld til Landssambands eldri borgara (LEB) kr. 690.000, keypt áhöld og búnaður kr. 553.894, tölvu- og vefsíðukostnaður kr. 331.432 og ýmis aðkeypt þjónusta kr. 278.000.

Þá skal þess getið hér að félagið styrkti Sjúkrahúsið á Akureyri um kr. 1.000.000 til tækjakaupa á rekstrarárinu.

Greinargerð um starfsemi Félags eldri borgara á Akureyri sem hér birtist er í raun yfirlit yfir starf félagsins milli aðalfunda 2016-2017 og fjárhag þess almanaksárið 2016.

Allt starf stjórnar félagsins og nefnda og margra annarra félagsmanna byggir á sjálfboðavinnu. Án þessa framlags væri engin starfsemi. Því ber að þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra góða framlag. Félagið hefur þróast og þroskast á þeim 35 árum sem það hefur starfað. Vilji stjórnar og nefnda félagsins stendur til þess að gera enn betur til hagsbóta fyrir aldurshópinn 60+ í okkar ágæta bæjarfélagi þar sem einkunnarorðin eru; „öll lífsins gæði.“

Fylgiskjal 1 - *Rekstrar- og efnahagsreikningur félagsins almanaksárið 2016*

Akureyri 11. október 2017

Halldór Gunnarsson varaformaður EBAK